

Vaktu með Kristi

Bænavaka í boði ÆSKP og ÆNK.

Haldin í Neskirkju

aðfaranótt Föstudagsins langa, 21. apríl 2011

Vaktu með Kristi hefur verið árviss viðburður í æskulýðsstarfi á höfuðborgarsvæðinu frá 2002. Á vökunni viljum við leiða hugann að atburðum næturinnar þegar Jesús var svikinn og því samfélagi sem hann átti með lærisveinum sínum þessa síðustu nótt. Þannig fáum við tækifæri til að upplifa atburði næturinnar á ápreifanlegan og áhrifamikinn hátt.

Vakan hefst kl. 21:00 á skírdag, 21. apríl, og stendur til kl. 8:00 að morgni föstudagsins langa 2. apríl (húsið lokar kl 23.00, eftir það er ekki hægt að fara út, nema ef foreldrar/forráðamenn sækja viðkomandi).

Uppbygging vökunnar er tvíþætt. Annars vegar eru helgistundir í kirkjunni og hins vegar er hægt að taka þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem ýmislegt er í boði, svo sem afslöppunarherbergi, sjónvarpsherbergi, söngur og listasmíðja og mennskt lúdó .

Þátttökugjald er krónur 1.000 og er máltíð innifalin í því. Þátttakendur þurfa í raun ekkert annað að taka með sér, en það er gott að taka með sér dýnu, svefnpoka og tannbursta, ef ætlunin er að hvílast eitthvað yfir nóttina. Boðið verður upp á sameiginlega máltíð um nóttina, en allt annað, s.s nammi, verður hver og einn að taka með sér. Ekki verður hægt að fá að skreppa út í sjoppu. Að lokinni vökunni um morguninn verður rúta sem ekur þátttakendum til sinna kirkna (á höfuðborgarsvæðinu). Hægt er að hringja í síma kirkjunnar **5111560** eða **Sigurvin Jónsson Umsjónarmann BaUN s. 6927217** á meðan vökunni stendur.

Allir eru velkomnir en undirskrift foreldra/forráðamanna er skilyrði fyrir þátttöku.

Síðasti dagur til að skila inn leyfisbréfi er _____

Samþykki forráðamanns 18 ára og yngri

Nafn þátttakenda:

Sími forráðamanns meðan á vökunni stendur:

Undirskrift forráðamanna:
